

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. október 2022  
Málsnúmer: 202209-0005  
SS

**Efni: Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Litluborgir. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 8. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Litluborgir í Hafnarfjarðarbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlunina og gerir ekki athugasemdir við innihald hennar en vill leggja áherslu á að aðgerðir verða að endurspeglar markmið friðlýsingarinnar á fullnægjandi hátt. Um er að ræða merkar jarðmyndanir og viðkvæm gróðurlendi sem verður að hlífa fyrir raski. Svæðið er ekki stórt og minnstu inngríp geta sett mark sitt á það og dregið úr verndargildi þess.

Mjög jákvætt er að skilgreindar séu aðgerðir til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu, að lagfæra mosaskemmdir og loka viðkvæmum svæðum með stýringu umferðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að koma í veg fyrir að umferð um svæðið sé of mikil og göngustígar og merkingar þarf að útfæra með það að markmiði. Íhuga þarf vandlega hvort viðburðir og kvikmyndataka eigi yfir höfuð erindi inn á svæðið og skilgreina þarf hvernig skilyrði eiga við um slíkt.

Þá er jákvætt að í aðgerðaáætlun sé stefnt að því að vakta framgang framandi tegunda plantna innan náttúruvættisins og uppræta eftir þörfum. Líklegt er að alaskalúpína sé þar líklegust til að valda tjóni.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

